

Þegar MAST berst beiðni um aðgang að gögnum sem talið er að geti fallið undir 9. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 skal stofnunin leggja sjálfstætt mat á gögnin. Ef matið leiðir til þess að ekki er talið heimilt að veita aðgang að gögnunum skal að jafnaði, áður en málið er afgreitt, leitað eftir samþykki viðkomandi aðila fyrir því að veita aðgang að þeim. Öll gögn og samskipti vegna þessa skal vista og skrá í málaskrá en mál myndast samhliða því að umsókn um aðgang að gögnum berst í þjónustugátt. Ef beiðni um aðgang berst á annan hátt þarf sá lögfræðingur sem fær beiðnina til úrvinnslu að stofna mál.

Tryggja skal eftirfarandi feril málsins:

- 1) Mat stofnunarinnar um að gögnin falli ekki undir 9. gr. upplýsingalaga.
Ef ekki er talin ástæða að leita samþykkis þess sem upplýsingarnar beinast að, hefur MAST skv. 17. gr. upplýsingalaga um málshraða sjö daga til að taka ákvörðun um hvort veita skulu aðgang að gögnunum. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan sjö daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.
- 2) Mat stofnunarinnar um að gögnin falla undir 9. gr. upplýsingalaga, þ.e. þegar leitað er samþykkis.
 - a. Upplýsa skal viðkomandi um að stofnunin telji að gögnin falli undir 9. gr. upplýsingalaga og leita samþykkis með skriflegum hætti fyrir leyfi til að afhenda gögnin. Hlutaðeigandi skal send áskorun í tölvupósti og honum veittur sjö daga frestur til svara.
 - b. Jafnframt þarf að tilkynna þeim sem óskaði eftir aðgangi að upplýsingunum að ákveðið hafi verið að afla samþykkis þess sem í hlut á. Hann hafi fengið frest til ákv. dags og því muni afgreiðsla erindisins tefjast sem því nemur.
 - c. Ef jákvætt svar kemur frá þeim sem upplýsingarnar beinast að mun MAST veita aðgang að upplýsingunum.
 - d. Ef neikvætt svar kemur frá þeim sem upplýsingarnar beinast að er erindinu svarað um að gögnin falli undir 9. gr. upplýsingalaga með rökstuðningi þar að lútandi og bent á kærueimild til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Þetta er gert með tölvupósti og/eða með hefðbundnum pósti.
- 3) Ábyrgðarmaður máls lokar því þegar hæfilegt þykir.